

Til félaga

Mosfellsbær, 2. júní 2010.

Efni: Íslandsmót yngri flokka veturinn 2009-2010 og breytingar frá fyrra tímabili



Umsóknum um mót næsta vetrar skal skilað á skrifstofu Blaksambands Íslands með tölvupósti á bli@bli.is

fyrir 21. júní 2010.

Eftirfarandi dagsetningar er búið að setja á fyrir þessi mót:

Fyrri hluti Íslandsmóts yngri flokka:

4. og 5.fl. : 6.-7. nóvember 2010.

2. og 3.fl. : 13. og 14.nóvember 2010

Sameiginlegt mót fyrir 2.-5.flokk: 1.-3. apríl - ath breytingu – 3 dagar í stað 2 áður.

Vinsamlegast lesið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið varðandi yngri flokka mótin, hvað varðar skráningu, staðfestingargjald, mótsgjald og lengd seinna mótsins ásamt dómgæslu í 2. og 3. flokki.

- ❖ **Ákveðið var að lengja seinna mótið** og láta spilmenskuna **byrja kl 16:00 á föstudeginum**. Þannig gæfist kostur á að spila þetta á fleiri stöðum og klára mótið á skikkanlegum tíma.
- ❖ **Hækkun mótsgjalda:** Ákveðið var að hækka mótsgjöldin hjá 4.og 5.fl. í 8000 kr per lið og í 10.000 kr per lið í 2.og 3. flokki. (Voru 6000 kr og 7000 kr) Ástæðan er einföld – það er ekkert upp úr þessum mótum að hafa því kostnaðurinn er meiri en mótsgjöldin þar sem allir fá gjafir á báðum mótunum. Halda gjöfunum og hækka mótsgjöldin.
- ❖ **Greiðsla staðfestingargjalds:** Tveim vikum fyrir mót skal skráningu á mót lokið og þá skal einnig vera búið að greiða staðfestingargjald sem nemur 50% af mótsgjöldum viðkomandi félags. Restin skyldi greidd áður en mótið hefst. **Þetta staðfestingargjald er óendurkræft.** Ástæðan fyrir þessu er sú að ekki er hægt að afturkalla pantaðar gjafir sem búið er að panta þó svo að lið hætti við þátttöku og því þyrfti mótshaldari að bera allan kostnað af ónotuðum gjöfum.
- ❖ **Dómgæslan hjá 2. og 3.flokki:** Ákveðið var að fara fram á það við liðin á þessum mótum að þau séu með amk 1 dómara til að dæma á mótinu. Þetta kemur til vegna þess að liðin sem halda mótið eru ekki með nægan mannskap til að dæma á þessu blakstigi því dómarnir eru oftast að spila líka og til að komast hjá því að kalla inn óreynda foreldra í dómgæslu – öllum til ama – þá leysum við málið á þennan hátt. Áfram skulu umsjónarlið taka aðstoðardómgæsluna.
- ❖ **Íslandsmótið hjá 2.flokki** ræðst af fjölda þátttökuliða og kemur til greina að láta þau spila samtímis og m.fl. liðanna spila – og svo lokaleikinn á seinni hluta Íslansmótsins.
- ❖ **Bikarmótið 2011:** Dagsetning á því var ákveðin 22.-23. janúar 2011.

Yngriflokkanefnd BLÍ